



Lyfjanefnd Landspítala - fundargerð

Fundur nr.: 4/2025
Dagsetning: 3. mars 2025
Fundartími: 11:00 - 12:30
Staðsetning: Engey, Eiríksstöðum og Teams
Viðstödd: *Aðalmenn*
Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Hlíf Steingrímsdóttir, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Örvar Gunnarsson
Varamenn
Agnes Smáradóttir, Eva Ágústsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir og Sif Sumarliðadóttir
Starfsmenn
Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir
Fjarverandi: Gylfi Óskarsson og Signý Vala Sveinsdóttir
Gestir: Ragnar Freyr Ingvarsson og Guðbjörg Jónsdóttir
Fundarstjóri: Hlíf Steingrímsdóttir
Fundarritari: Dóra Guðrún Pálsdóttir

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 3/2025

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðslupátttöku

Teduglutide (Revestive) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðslupátttöku fyrir lyfið teduglutide (Revestive) sem ætlað er til meðferðar fyrir sjúklinga 4 mánaða, leiðrétt fyrir meðgöngualdur, og eldri sem eru með stuttþarmaheilkenni (Short Bowel Syndrome (SBS)). Sjúklingar eiga að vera komnir í stöðugt ástand eftir að þarmarnir hafa fengið tíma til að aðlaga sig eftir skurðaðgerð.

Gert er ráð fyrir að 1-1,5 sjúklingar hefji meðferð árlega. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu. Lyfið hefur verið notað í gegnum einstaklingsbundna greiðslupátttöku og því er ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Greiðslupátttaka hefur verið samþykkt í Danmörku, hafnað fyrir fullorðna í Svíþjóð en eru í vinnslu í Noregi.

Bent er að á að staða fjárlagaliðs leyfisskyldra lyfja fyrir næsta ár er þröng og taka þurfi tillit til þess við samþykkt aukinna útgjalda.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

5) Önnur mál

a) Breyting á lyfjalögum – umsögn Landspítala

Frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á ýmsum lögum er varða lyfjamál var í samráðsgátt og Landspítali mun senda umsögn með sínum athugasemdum. Umsögnin verður send á nefndina þegar hún er tilbúin.

b) Minnisblað vegna fjárlagaliðar leyfisskyldra lyfja

Heilbrigðisráðuneytinu var í síðustu viku sent ítarlegt minnisblað þar sem farið var yfir þróun kostnaðar leyfisskyldra lyfja, skýringar þar á o.fl. Ekki hefur borist svar og óvissa um fjármögnun er því mikil. Svigrúm til innleiðingar nýrra lyfja og ábendinga er því enn mjög þröngt.

Fundi slitið kl. 11:45